



AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

Breyting - Vaðnes - nýtt efnistökusvæði

21.07.2025

Breytt 15.12.2025




Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15.01.26




Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. FEBRÚAR 2026.




SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 30.04.2025 með athugasemdafresti til: 22.05.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá 28.08.2025 með athugasemdafresti til 19.09.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 30.10.2025 með athugasemdafresti til: 12.12.2025

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

112025-01-GRG-001-V01

HÖFUNDUR


IS

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Vistgerðir og jarðminjar	4
2.2	Minjar	4
2.3	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
2.4	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	5
2.5	Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	5
2.6	Vatnaáætlun 2020-2027	6
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	6
3.1	Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti	6
3.2	Breytingar á greinargerð	6
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
4.1	Umhverfispættir og áherslur	7
4.2	Valkostir og umhverfisáhrif	7
4.2.1	Niðurstaða	9
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	9
5.1	Breytingar eftir auglýsingu	9



1 INNGANGUR

Grímsnes- og Grafningshreppur vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst að nýtt efnistökusvæði er skilgreint í landi Vaðness L168289, þar sem er að finna heppilegt efni til undirbyggingar og vegagerðar.

Svæðið sem um ræðir er landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni og gert ráð fyrir að efnistakan vari í allt að 10 ár. Stærð vinnslusvæðis verður allt að 2 ha.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og gildandi og breyttum aðalskipulags-uppdrætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Svæðið er um 1 km austan við bæjarhúsin í Vaðnesi og er aðkoma frá bæjarhlaðinu um núverandi slóða. Náman verður aðallega nýtt til eigin nota landeigenda, einkum til lagfæringar á vegum og slóðum á jörðinni.

Svæðið er á landbúnaðarlandi (L2) skv. aðalskipulagi og heyrir undir 5. gr. jarðalaga. Sveitarfélagið er hlynnt því að landinu verði breytt í efnistökusvæði. Efnistaka verður heimiluð að hámarki í 10 ár og eru settir skilmálar um að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni. Getur það þá aftur nýst til landbúnaðar.

2.1 Vistgerðir og jarðminjar

Efnistökusvæðið er á grónu landi og samkvæmt vistgerðarflokkun Ní er um að ræða lynchraunavist sem hefur miðlungs verndargildi. Allt umhverfis efnistökusvæðið er Kerhólshraun, sem er forsögulegt hraun og nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ekki er fyrirhugað að raska hrauninu.

2.2 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið og skv. minjavefsjá Minjastofnunar er ekki að finna þekktar minjar á svæðinu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megj áfram og með hvaða skilmálum.

2.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd.

Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.

Við skipulagsgerð verði gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar.

2.4 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Í stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í dreifbýli segir m.a.:

- Að landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Við skipulag byggðar og við framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum.

Stefna um landbúnaðarsvæði, kafli 3.2.1

Um landbúnaðarsvæði segir m.a. í aðalskipulagi:

- Meginhluti lands innan heimalanda bújarða er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Á landbúnaðarsvæðum verði heimil fjölpætt nýting lands, uppbygging og ræktun sem byggist einkum á staðbundnum landgæðum.

Svæðið er skilgreint sem gott landbúnaðarland í flokki 2 (L2) og um það gilda almennir skilmálar landbúnaðarlands, auk sértækra skilmála sem fram koma í töflu 3, þar sem m.a. kemur fram:

- Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð.

Stefna um efnistöku- og efnislosunarsvæði, kafli 3.2.10

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.
- Forðast skal eftir megni að raska ósnortnum hlíðum, ásum, áberandi landslagsmyndum, vatns- og árbökkum og farvegum þeirra.

2.5 Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í Grímsnes- og Grafningshreppi og er naman á landbúnaðarsvæði L2 (gott landbúnaðarland). Slíkt land telst að hluta til ágætt til akuryrkju og forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð.

Einnig er naman í námunda við notkunarstað, þar sem m.a. er áætlað að nota efnið til uppbygginga innan jarðarinnar. Framkvæmdin er afturkræf því þegar efnistöku lýkur verður gengið frá svæðinu og eftir atvikum hægt að nýta það til ræktunar eða beitar. Breytingin brýtur því ekki í bága við landsskipulagsstefnu, þar sem segir að landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.

2.6 Vatnaáætlun 2020-2027

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins 104-503-G Lyngdalsheiði og er núverandi ástand þess óþekkt og ekki er skráð álag á vatnshlotið skv. vatnavefsjá. Ekki er gert ráð fyrir að vatnshlot breytist eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum vatns og fyrirhuguð efnistaka því innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti.

3.1 Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti

Bætt verður við efnistökusvæði E31 (punkti) á sveitarfélagsuppdrátt.

3.2 Breytingar á greinargerð

Skilmálum fyrir nýtt efnistökusvæði er bætt í greinargerðina.

TAFLA 1. Skilmálar fyrir efnistökusvæðið E31.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING
E31	Vaðnes	2	Efnistökusvæði. Heimilt er að vinna allt að 49.000 m ³ af efni. Svarðlag og laus jarðvegur skal nýttur til að forma manir til að hindra hljóð- og sjónmengun á meðan á efnistöku stendur. Forðast skal að raska stærra svæði en nauðsyn krefur. Vanda skal umgengni á vinnslutíma. Gert er ráð fyrir að efnistöku verði lokið innan 10 ára og verður þá gengið frá svæðinu. Þá verður námunni lokað, svæðið jafnað og grætt upp. Ekki er gert ráð fyrir vinnubúðum eða viðhaldi véla á svæðinu og gert ráð fyrir að vinnsla fari fram á milli kl. 07-20.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 2 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 2. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðminjar.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landbúnaðarsvæði.</i>	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 - Við skipulag byggðar og við framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir, gróðursvæði og mikilvæg búsvæði dýra verði fyrir sem minnstum áhrifum. Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðminjar? Hefur stefnan áhrif á nýtingu góðs landbúnaðarlands.
Vatnshlot <i>Ár, vötn og grunnvatn.</i>	Vatnaáætlun 2022-2027 - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns eða vatnsverndarsvæði?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, einkum 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Samfélag <i>Íbúar.</i>	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 Lögd er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.	Hefur stefnan áhrif á íbúa?
Mengun og hljóðvist <i>Mengun.</i> <i>Hljóðvist.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis; vatnsvernd, vatnsveita, fráveita, úrgangur, hljóðvist og loftgæði.	Veldur stefnan mengun eða hávaða?
Loft <i>Losun og binding kolefnis.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

4.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Landeigandi Vaðness vill nýta efni sem er að finna á hans landi m.a. til lagfæringar á vegum og slóðum innan jarðarinnar. Með því að nýta það efni sem er að finna á landinu verður minni akstur með efni og ekki þarf að kaupa efnið af öðrum. Næstu námur sem eru í aðalskipulagi eru í Miðengi (6,5) km og Seyðishólum (9 km).

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Bætt er inn efnistökusvæði í Vaðnesi á 2 ha svæði. Heimilt er að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

- Stefna í gildandi aðalskipulagi. Efni verður sótt í næstu námur, í Miðengi (6,5 km) eða Seyðishólum (9 km).

Áhrif af nýju efnistökusvæði

Áhrif á land og landslag eru neikvæð því efnistakan raskar landi og verður að einhverju leyti sýnileg. Settir eru skilmálar um manir umhverfis svæðið til að minnka ásjón og varðandi frágang svæðis að lokinni efnistöku. Áhrif á nýtingu landbúnaðarlands eru neikvæð meðan á vinnslu stendur en óveruleg að henni lokinni því reiknað er með að gengið verði frá svæðinu og það grætt upp.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg. Efnistaka er ekki líkleg til að koma í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfis-markmiðum sínum.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Rask verður á gróðri við efnistöku. Þegar gengið hefur verið frá námu að lokinni efnistöku er möguleiki að græða landið upp og nýta áfram til landbúnaðar.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Nýtt efnistökusvæði tryggir betri vegi í nærumhverfinu.

Áhrif á mengun og hljóðvist eru óveruleg/neikvæð. Umferð verður eitthvað meiri vegna efnistökkunnar en einkum er fyrirhugað að nýta efnið í landi Vaðness. Neikvæð áhrif verða mögulega vegna hljóðvistar frá akstri og vinnuvélum. Akstur er oftast stuttur vegalengdir og áhrifin að mestu staðbundin. Skilmálar eru um að efnistaka fari fram á milli kl. 07-20.

Áhrif á loft eru neikvæð því við vinnslu (losun jarðefna) og akstur með efni losna gróðurhúsalofttegundir. Þó þarf að horfa til þess að stærsti hluti efnis úr námunni verður nýttur innan jarðarinnar. Akstur verður því sjaldnast langar vegalengdir.

Áhrif af stefnu í gildandi aðalskipulagi - efni verður sótt í næstu námur

Áhrif á land og landslag eru neikvæð því efnistaka raskar landi og verður að einhverju leyti sýnileg. Í gildandi skipulagi er áhersla á góða umgengni og vandaðan frágang við verklok.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg. Efnistaka er ekki líkleg til að koma í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfis-markmiðum sínum.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg/neikvæð. Svæðunum hefur verið raskað með efnistöku.

Áhrif á samfélag eru jákvæð því efni úr námum nýtist til ýmis konar framkvæmda.

Áhrif á mengun og hljóðvist eru neikvæð. Umferð verður eitthvað meiri vegna efnistökkunnar en einkum er fyrirhugað að nýta efnið í landi Vaðness. Neikvæð áhrif verða mögulega vegna hljóðvistar frá akstri og vinnuvélum en bæði efnistökusvæðin eru við hlið frístundabyggðar.

Áhrif á loft eru neikvæð því við efnisvinnslu og akstur með efni losna gróðurhúsalofttegundir. Fjarlægð frá námum er annars vegar 6,5 km og hins vegar 9 km.

4.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið vill heimila landeiganda Vaðness að breyta 2 ha af landbúnaðarlandi í efnistökusvæði og nýta efnið til viðhalds og endurbóta á vegum og slóðum. Að efnistöku lokinni má græða landið upp og nýta til landbúnaðar og áhrifin að því leyti afturkræf.

Staðsetning efnistökkunnar er heppileg því ekki er föst búseta í næsta nágrenni. Um 500 m eru í næsta frístundahús og settir skilmálar um manir umhverfis námu til að minnka sýnileika og um að efnisvinnsla fari fram á daginn til að minnka mögulega hljóðvist.

Áhrif á loft eru neikvæð því vinnsla í námunni og akstur með efni losar gróðurhúsalofttegundir. Það minnkar þó áhrifin að ekki þarf að aka langar vegalengdir frá námu að notkunarstað efnis, því búist er við að stærstur hluti efnisins verði nýttur innan jarðarinnar. Þá er ekki um verulega vinnslu að ræða, að jafnaði tæpa 5000 m³ á ári, sé miðað við 10 ára nýtingartíma og áhrif því lítil.

Ef efni væri tekið úr næstu námum sem eru á aðalskipulagi þá þarf að aka með það lengri vegalengd, sem losar meira af gróðurhúsalofttegundum. Auk þess eru þær námur við hlið frístundabyggðar og má búast við ónæði vegna hljóðvistar á lóðum í nágrenni námanna.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var auglýst á vormánuðum. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúruverndarstofnun, Vegagerðinni og Brunavörnum Árnessýslu. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

Aðalskipulagsbreytingin er kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Breytingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:

- Náttúruverndarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfis- og Orkustofnun


Reiknað er með að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst í haust og taki gildi í byrjun árs 2026.

5.1 Breytingar eftir auglýsingu


Bætt er við skilmálum um að forðast skuli að raska stærra svæði en nauðsyn krefur og að vanda skuli umgengni á vinnslutíma.

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Breyting - Vaðnes - nýtt efnistökusvæði



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Opín svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Íþróttasvæði
- ♦ Minjavernd
- Vatnsból
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- Stofnvegur/stofnbraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og hjólríðaleið
- Reiðleið
- Hverfisvernd
- Náttúruvá
- Bæir
- Hæðarlínur

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.



Breyting - Vaðnes - nýtt efnistökusvæði

Verk: 112025

Unnið: GAL

Blaðstærð: A4

Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:50.000

Breytt dags:

Dags: 21.07.2025